

Nd.

123. Frumvarp til laga

[99. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 8. maí 1965, um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 36/1964, samanber lög nr. 24/1965, var Iðnlánasjóði heimiluð útgáfa sérstaks flokks vaxtabréfa, í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja. Var þessi lánaflokkur að upphæð kr. 60 050 000.00.

Þessi vaxtabréf 1. lánaflökks eru nú öll seld, en mörg iðnfyrirtæki hafa óskað eftir því, að Iðnlánasjóður breytti ýmsum lausaskuldum þeirra í föst lán til lengri tíma. Hefur því stjórn Iðnlánasjóðs óskað eftir því við iðnaðarmálaráðherra, að hann heimili sjóðnum að gefa út nýjan flokk vaxtabréfa, að fjárhæð allt að 40 millj. kr. Hins vegar myndi slík útgáfa vaxtabréfa ekki ná tilgangi sínum, nema numin séu hirt tímamörk þau, sem nú eru í gildi og binda breytingu lausaskuldanna í föst lán við það, að til þeirra hafi verið stofnað fyrir árslok 1963.

Af þessum sökum er þetta frumvarp flutt.

Um upplýsingar varðandi framkvæmd laga nr. 36/1964, vísast til reglugerðar um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs nr. 102/1965.